

Gæðamat í Heilsuleikskólanum Króki.

HVAÐ – HVER – HVENÆR - HVERNIG

Gæðamat Heilsuleikskólans Króks hefur verið skilgreint þannig að við ákveðum **HVAÐ** skal metið, **HVER** eða hverjir taki þátt og **HVENÆR** matið er tekið og að síðustu **HVERNIG** matið er framkvæmt og unnið úr niðurstöðum. Með þessari vinnu tryggjum við að umbætur fari fram með það að markmiði að auka gæði leikskólastarfsins. Með umræðunni sem fram fer í tengslum við framkvæmd og úrvinnslu gæðamats verða kennarar öruggari að vinna eftir markmiðum skólanámskrárinnar.

ECERS

Hvað:

ECERS (Early Childhood Environment Rating Scale) gæðamatskvarðinn metur í heild umhverfi leikskólans og starf kennaranna og er tæki til að auka gæði í starfinu með börnunum. Einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti. Gefnir eru 4 möguleikar; **ófullnægjandi**, **lágmark**, **gott** og **mjög gott** og er hægt að velja tölur frá 1-7 sem gefur svaranda möguleika á að svara á milli möguleikanna. Metur:

- o Rými og búnað
 - Húsgögn í daglegu lífi, f. leik- og námsefni, f. slökun, skipulagning, tími f. frið, f. grófhf., aðgengi að leik- og námsefni.
- o Umönnun og daglegt líf
 - Taka á móti/skila, máltíðir, hvíld, hreinlæti, klæða úr/í.
- o Mál- og hugtakanám
 - Málörvun, málnotkun, hugtakanám/rökhugsun, óformleg málnotkun.
- o Leik/viðfangsefni
 - Fínhr./skynjun, myndið/motun, tónlist/hreyfing, byggingaleikir, sandur/vatn, hlutverkaleikir, náttúra/víkindi/tilraunir, stærðfræði, mismunandi menning.
- o Samskipti – skipulag
 - Samskipti við börn, andinn í húsinu, dagskipulag, leikur, hópavinna, sérkennsla.
- o Starfsmenn og foreldra
 - Foreldrasamvinna, samvinna starfsmanna, starfsmannaaðstaða, þróun í starfi, vinnuaðstaða starfsmanna, samskipti við að aðila utan leikskólans.

Hver/hvenær?

- o Allir starfsmenn / Einu sinni á ári.

Hvernig:

- o Allir starfsmenn svara matslistanum einstaklingslega.
- o Strax efir svörun er skipt í umræðuhópa eftir deildum sem fara yfir svörun einstaka kennara og þau rökrædd. Þeir greina, ræða um og hugleiða starfið í leikskólanum í tengslum við svörin og þau borin saman við markmið og leiðir sem sett hafa verið í námskrá. Þessi hluti matsins er hvað mikilvægastur því þarna gefst hverjum kennara tækifæri til að tjá sig og heyra skoðanir annarra.
- o Heildarniðurstöður eru síðan teknar saman eftir deildum og yfir allt húsið, sem síðan eru kynntar á starfsmannafundi þar sem frekari umræða fer fram.
- o Þeir þættir sem skora um og undir 5, sem er gott, eru teknir sérstaklega fyrir og er vísað í ferli sem umbótastarf.
- o Einn ákveðinn kennari fær yfirumsjón með verkefninu og fær með sér kennara í vinnuhóp sem kemur með tillögur um úrbætur sem eru teknar fyrir á fagfundum.
- o Þegar búið er að fullvinna tillögurnar eru þær kynntar á starfsmanna- og foreldrafundum, heimasíðu, í fréttabréfum og á foreldrafundum.

Heilsubókin

Hvað:

Heilsubók barnsins er útfærður matskvarði sem notaður er til að meta hvernig börnum gengur að ná markmiðum sem sett eru í viðmiðum heilsustefnunnar. Í bókinni eru útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er:

- o Hreyfiþroski
 - Grófhr., hopp, stökk, klifur, jafnvægi, samhæfing, færni, úthald.
- o Færni í listsköpun
 - fínhyf., grip, þróun teikninga, virkni, þekking á litum /formum.
- o Lífsleikni
 - leikur, samskipti, hegðun.
- o Heilsufar
 - veikindi, meðferð, lyf.
- o Næring og svefn
 - matarvenjur, færni, svefn og hvíld.
- o Hæð og þyngd
 - Skráð í kúrvu, farið eftir viðmiðum Heilsugæslu.
- o Sjálfshjálp
 - Hreinlæti, fatnaður, færni.
- o Málþroski
 - Málskilningur og tjáning.

Hver:

- o Fagstjórar og kennarar

Hvenær:

- o Tvisvar á ári, haust og vor.

Hvernig:

- o Skráning fer fram að hausti og vori.
 - Fagstjói í hreyfisal skráir grófhreyfingar og hæð og þyngd.
 - Fagstjóri í listasmiðju fínhreyfingar, grip, virkni og þekkingu á litum og formum.
 - Kennarar með yfirumsjón deildarstjóra skrá félagsl. Færni, heilsufar, næringu og svefn, sjálfshjálp og málþroska.
 - Deildarstjórar sjá um að skrá niðurstöður í bókina og undirbúa viðtöl.
- o Farið er yfir stöðu barnsins í foreldraviðtölum sem eru eftir skráningu.
- o Einstaka barn aðstoðað ef niðurstöður eru undir meðallagi í samvinnu við foreldra.
- o Gerð er einstaklingsnámskrá um þá þætti sem skal þjálf frekar s.s auka hreyfingu, málörvun ofl.

EFI-2

Hvað:

- o Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári.

Hver:

- o Leikskólakennari.

Hvenær:

- o Tvisvar á ári.

Hvernig:

- o Kennarar með tilskilin réttindi gera EFI-2 próf á börnum á fjórða ári.
- o Foreldrum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum.
- o Ef niðurstöður eru slakar er barninu boðið auka þjálfun í samvinnu við foreldra og talmeinafræðing.

Hljóm-2

Hvað:

- o Hljóð- og málvitund leikskólabarna 5 ára barna.

Hver:

- o Leikskólakennari.

Hvenær:

- o 1-2 sinnum á ári (fer eftir útkomu).

Hvernig:

- o Kennarar með tilskilin réttindi gera HLJÓM-2 próf á 5 ára börnum.
- o Foreldrum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum.
- o Ef niðurstöður eru slakar er barninu boðið auka þjálfun í samvinnu við foreldra og talmeinafræðing.
- o Profið endurtekið að vori og ef niðurstöður eru enn slakar er boðið upp á auka þjálfun við upphaf skólagöngu í grunnskólanum að hausti.
- o Niðurstöður úr prófinu eru skráðar á þar til gert eyðublað sem fylgir þeim í grunnskólann með samþykki foreldra.

TRAS

Hvað:

- o Skráning á málþroska ungra barna.

Hver:

- o Leikskólakennari.

Hvenær:

- o Allt árið, tvisvar á ári fyrir hvert barn.

Hvernig:

- o Kennarar með tilskilin réttindi gera TRAS skráningu.
- o Foreldrum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum.
- o Ef niðurstöður eru slakar er barninu boðið auka þjálfun í samvinnu við foreldra og talmeinafræðing.
- o Þar sem skráning fyrir hvert barn fer alltaf fram tvisvar á ári er stöðugt endurmat í gangi.

MOT

Hreyfiþroskapróf

Hvað:

- o Hreyfiþroska 5-6 ára barna.

Hver:

- o Íþróttakennari G.G.

Hvenær:

- o Einu sinni á ári að vori.

Hvernig:

- o Kennarinn kemur í leikskólann og gerir prófin hér.
- o Niðurstöðum er skilað til leikskólans sem tilkynnir foreldrum þær í foreldraviðtölum og skráir þær á þar til gert eyðublað sem fylgir börnunum í grunnskólann með samþykki foreldra.
- o Ef niðurstöður eru slakar er barninu boðið auka hreyfipjálfun í leikskólanum í samvinnu við foreldra og fagstjóra í hreyfisal.
- o Markmiðið með prófinu er að skima út börn sem eru með slaka hreyfifærni áður en þau hefja skólagöngu í grunnskólanum að hausti.
- o Þeim sem koma slök út er boðið upp á auka hreyfipjálfun strax við upphaf skólaárs.

Viðtöl og kannanir

Starfsmannaviðtöl

Hvað:

- o Til að ræða líðan og þróa sig í starfi.

Hver:

- o 1x við deildarstjóra og 1x við leikskólastjóra.

Hvenær:

- o Tvisvar á ári í febrúar og apríl.

Hvernig:

- o Tekið er mið af niðurstöðum þegar símenntunaráætlun og nýtt skólaár er skipulagt.

Foreldraviðtöl

Hvað:

- o Til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins og samskiptin.

Hver:

- o Deildarstjórar.

Hvenær:

- o Eru 2 sinnum á ári að hausti og vori.

Hvernig:

- o Athugasemdir/tillögur foreldra eru skráðar og ræddar á fagfundum og síðan kennarafundum.
- o Athugasemdum/tillögum er svarað í fréttabréfum, á heimasíðu og/eða foreldrafundum.

Foreldrakannanir**Hvað:**

- o Foreldrum gefið tækifæri á að segja skoðun sína og hafa áhrif.

Hver:

- o Deildarstjórar afhenda foreldrum kannanir í viðtali sem þeir fylla út í einrúmi og setja í kassa.

Hvenær:

- o Eru annað hvert ár að vori þegar foreldraviðtöl eru.

Hvernig:

- o Niðurstöður eru teknar saman og ræddar á fag- og kennarafundum.
- o Ef svörin á ákveðnu málefni er mjög afgerandi fyrir neðan meðallag er það sett í farveg.
- o Einn ákveðinn kennari fær yfirumsjón með verkefninu og fær með sér kennara í vinnuhóp sem kemur með tillögur um úrbætur sem eru teknar fyrir á fagfundum.
- o Þegar búið er að fullvinna tillögurnar eru þær kynntar á kennarafundum, í fréttabréfum, á heimasíðu og á foreldrafundum.
- o Könnunin er birt á heimasíðu.

Barnakannanir**Hvað:**

- o Börnum gefið tækifæri á að segja skoðun sína og hafa áhrif.

Hver:

- o Kennarar ræða við börn í einrúmi um t.d. líðan á svæðum, líðan í leikskólanum og tengsl við önnur börn.

Hvenær:

- o Einu sinni til tvisvar á ári.

Hvernig:

- o Niðurstöður eru teknar saman og ræddar á fag- og kennarafundum.

- o Ef svörun á ákveðnu málefni er mjög afgerandi fyrir neðan meðallag er það sett í farveg.
- o Stjórnunarteymi eru með yfirumsjón með hverju verkefni og fer með niðurstöðurnar á deildarfundum. Kennarar á hverri deild koma með tillögum um úrbætur og ákveða framhaldið.
- o Niðurstöður kannana eru birtar í ársskýrslu.

Fundir

Á fundum er rætt um stöðu leikskólans, skipulag, börn, starfsmannahald og þróunar- og nýbreytinstarf. Allir fundir hafa ákveðna dagskrá og eru þeir allir skráðir í fundabækur og/eða í tölvutæku formi.

Deildarstjórafundir

Hvað:

- o Dagurinn skipulagður.

Hver:

- o Leikskólastjóri og deildarstjórar.

Hvenær:

- o Daglega í 10 mín.

Hvernig:

- o Stjórnendur skólans skipulggja daginn og leysa dagleg verkefni ef þarf.
- o Skipulag dagsins er skráð í dagbækur sem eru inni á hverri deild.

Samráðsfundir

Hvað:

- o Rekstur og faglegt starf.

Hver:

- o Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og rekstrarstjóri.

Hvenær:

- o Aðra hverja viku.

Hvernig:

- o Rætt um daglegan rekstur, skýrslur og stefnumótun.
- o Teknar ákvarðanir varðandi rekstur og stefnumótun.

Fagfundir

Hvað:

- o Skipulag og endurmat á stefnu og starfsaðferðum leikskólans.

Hver:

- o Deildarstjórar, fagstjórar, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Hvenær:

- o Tvisvar á önn.

Hvernig:

- o Farið yfir fasta liði í dagskrá sem varða starfsáætlun, starfsmannahald, börn, endur- og gæðamat, þróunar- og nýubreytnistarf, símenntun, næringu, sérkennslu, samskipti við aðra, aðsent efni og önnur mál.
- o Ákvarðanir varðandi faglegt starf teknar.
- o Verkefnastjórar skila skýrslum.
- o Leshópar skipulagðir.

Eldhúsfundir

Hvað:

- o Skipulag og endurmat á næringu og viðburðum leikskólans.

Hver:

- o Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og matráða.

Hvenær:

- o Einu sinni í mánuði.

Hvernig:

- o Farið yfir starfsáætlun og viðburðir endurmetnir og skipulagðir.

Kennarafundir

Hvað:

- o Skipulag og endurmat á stefnu og starfsaðferðum leikskólans.

Hver:

- o Allir starfsmenn leikskólans.

Hvenær:

- o Tvisvar á önn.

Hvernig:

- o Fyrirlestrar um starfsemi leikskólans og endurmat.
- o Kennarar funda í stórum og smáum hópum þar sem starfið er endurmetið og þróað áfram.

Stefnumótafundir

Hvað:

- o Umræður um stefnumótun leikskólans og reksturs fyrirtækisins.

Hver:

- o Framkvæmdastjóri, rekstrarstjóri, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.

Hvenær:

- o Einu sinni á ári.

Hvernig:

- o Rekstraraðilar kynna stefnumótun fyrirtækisins.
- o Kennarar leggja fram starfsemi leikskólans og mótun.